

Víðförlí

Vorar skuldir – Kirkjan og baráttan
gegn óréttmætum skuldum

Fréttabréf Þjóðkirkjunnar

2. tölublað – Júní 2010

Gegn óréttmætum skuldum

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir segir frá málþingi sem verður haldið í Neskirkju 7. júní 2010
Síða 1,4

Deilum ábyrgð

Löndin eiga að deila ábyrgðinni, segir Kristín Þórunn Tómasdóttir
Síða 2



Ábyrgð lánveitenda

Úr greininni „Ábyrgð ólögmetra skulda hvílir á þeim sem veita lánið“ eftir Joseph Hanlon
Síða 2

Uppgjöf skulda



Karl Sigurbjörnsson segir frá Jubilee hreyfingunni.
Síða 2

Farsæl sambúð?

Peter N. Prove og Martin Junge skrifa um efnahagshrunið og samfélag kirknanna
Síða 3

Óréttmætar skuldir

Átta skilgreiningar á óréttmætum skuldum
Síða 4



Gegn óréttmætum skuldum

Lúterska heimssambandið hefur um árabil unnið markvisst sem málsvarar í málefnum ríkja sem líða fyrir óréttmæta skuldsetningu.

Með óréttmætri skuldsetningu er átt við tilfelli þar sem einhver eftirtalinna þátta er til staðar: Kúgunarstjórnir, þegar lýðræðisstjórnir erfa skuldir kúgunarstjórna, spilling, stjórnmalahagsmunir, stórkostleg vanræksla, gölluð verkefni, okurlán og óásættanlegir skilmálar.

Sem dæmi má nefna skuldir sem ríki glíma við vegna fortíðar þar sem einræðisherrar réðu ríkjum og mikil spilling fylgdi skuldsetningu, svo sem í Argentínu. Hér er einnig átt við dæmi þar sem ríki fengu lán þrátt fyrir viðskiptabann og þau voru ekki nýtt í þjóðarhag, svo sem lán til apartheid stjórnarinnar í Suður-Afríku. Einnig er átt við ólögmetra skuldsetningu þjóðar þar sem ríkisstjórn lánar til kaupa á tækjum frá eigin ríki en kaupferlið allt markast af spillingu svo sem í nýlegu dæmi er varðar Finnland og Kosta Ríka.

Málsvarastarf

Þetta málsvarastarf hefur verið unnið annars vegar af sviði alþjóðamála og mannréttinda innan Lh og hins vegar af sviði boðunar og

þróunarmála. Tveir menn hafa þar unnið mikið starf en það eru Peter Prove, yfirmaður alþjóða- og mannréttindamála og Martin Junge, verkefnisstjóri um málefni Suður-Ameríku og væntanlegur framkvæmdastjóri Lúterska heimssambandsins.

Málþing í Neskirkju

Lúterska heimssambandið hefur haft samband við þjóðkirkjuna og velt upp spurningum er varða stöðu þjóðarinnar og ólögmetar skuldir. Bent er á

Með óréttmætri skuldsetningu er átt við tilfelli þar sem einhver eftirtalinna þátta er til staðar: Kúgunarstjórnir, spilling, stórkostleg vanræksla, gölluð verkefni, okurlán og óásættanlegir skilmálar.

að margt sé líkt með Icesave og óréttmætri skuldsetningu annars staðar í heiminum.

Boðað hefur verið til málþings í Neskirkju þann 7. júní 2010 frá 13-16 þar sem rætt verður um stöðu Íslands og Icesave skulda í ljósi alþjóðlegra skuldsetninga og með hliðsjón af baráttunni gegn ólögmetum skuldum. Martin Junge og Peter Prove flytja erindi og kynna niðurstöður slíkrar vinnu, sem meðal annars voru birtar í bókinni *Not Just Numbers, Examining the Legitimacy of Foreign Debts*, sem Lh gaf út árið 2008.

Lúterska heimssambandið

Lúterska heimssambandið var stofnað árið 1947. Aðild að því eiga 140 kirkjur í 79 löndum. Samanlögð meðlimatala þeirra er um 60 milljón manns. Sambandið hefur höfuðstöðvar í Genf. Þjóðkirkjan er stofnaðili að Lúterska heimssambandinu.

Heimsþing Lh verður haldið í Stuttgart í júlí. Það hefur yfirskriftina *Gef oss í dag vort daglegt brauð*. Þar verður meðal annars unnið með áhrif ólögmetrar skuldsetningar í ólíku samhengi.
– Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir



Mynd: Kevin Dooley, [flickr.com/photos/pagedooley/3302644588/](https://www.flickr.com/photos/pagedooley/3302644588/)

Deilum ábyrgð

Í breska blaðinu *Financial Times* var fyrr á árinu spurt hvers vegna Íslendingar væru svona reiðir vegna samkomulagsins um Icesave sem átti að festa í lög. Þar segir að hér á landi sé fjölmörgum misboðið vegna þess að almenningur eigi að greiða fyrir mistök bankamanna og eftirlitsaðila. Ekki sín eigin.

Upphæðin nemi 40 þúsund sterlingspunda á heimili og muni setja alvarlegt strik í endurreisn efnahagslífs á landinu. Ísland sé bundið af evrópskum reglum um innistæðutryggingar en að gagnrýna megi þessi lög, þar sem þau eru óskýr. Bretland og Holland geri hærri kröfur en Íslandi beri að standa undir. Í *Financial Times* segir að Ísland, Bretland og Holland eigi að deila ábyrgðinni sem skapast: Það sé óréttlátt að fámenn þjóð eins og Íslendingar beri ein af fullum þunga afleiðingarnar af máttlausu laga- og eftirlitskerfi í fleiri löndum og af ábyrgðarlausri og áhættusækinni hegðun bankanna.

Við þennan lestur og þegar við íhugum stöðuna sem komin er upp, sýnir það sig með nýjum og nýjum hætti hvernig Icesave leysir úr læðingi spurningar og áskoranir sem krefjast að við lífum á okkur sjálf, á það hvað við höfum gert, á það hvar við eigum heima – og hvernig land við viljum skapa fyrir börnin okkar og barnabörnin.

Við höfum lifað tíma þegar Íslendingar lögðu sitt af mörkum í þágu annarra. Við höfum líka lifað tíma þar sem Ísland hefur ekki teyg sig til frændþjóða með samstöðu og sameiningarþeli. Gleymum ekki okkar íslensku ábyrgð þegar kemur að Icesave.

Reynsla íslensku þjóðarinnar í dag finnur samhljóm með fjölda ríkja í þriðja heiminum sem hafa liðið vegna þungrar skuldabyrði við vestræn ríki, skuldsetningar sem hefur verið gagnrýnd harðlega fyrir siðleysi og ranglæti. Alþjóðleg kirknasambönd eru meðal þeirra stofnana sem hafa beitt sér fyrir því að skuldarar og lánadrottinnar deili ábyrgð af slíkum lánnum. Þau voru oft tekin í þágu fárra en almenningur í fátækum löndum þarf að standa reikningskil.

Þjóðkirkjunni hefur borist fyrirspurn frá Lúterska heimssambandinu um þennan flöt málsins. Þar er minnt á þá sameiginlegu ábyrgð sem skapast í viðskiptum og á fjármagnsmörkuðum og samstöðu lýst við íslensku þjóðina í baráttu hennar fyrir réttlátri og sanngjarnri framkomu.
– Kristín Þórunn Tómasdóttir

Ábyrgð lánveitenda

Hvíta minnihlutastjórnin í Suður-Afríku þáði bankalán eftir að Sameinuðu þjóðirnar lýstu aðskilnaðarstefnuinni sem glæp gegn mannkyni. Bankar veittu lán til Filippseyja þegar Ferdinand Marcos forseti áætlaði að byggja kjarnorkuver á þekktu jarðsprungusvæði. Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn og Heimbankinn lánuðu Zaire þrátt fyrir að þeirra eigin ráðgjafar lýstu því yfir að lánin yrðu aldrei greidd til baka, vegna pólitískrar þróunar í heiminum.

Þetta eru nokkur dæmi um ósvífin lán sem aldrei hefði átt að veita – og hefðu aldrei verið veitt af almennilegum bankamönnum. Bankar og alþjóðlegar fjármálastofnanir bera sjálfar ábyrgð þegar heimskuleg, pólitísk og ósæmileg lán eru veitt.

Á sínum tíma lá ábyrgð lána fyrst og fremst hjá lánveitandanum, þannig að ef einkaaðilar eða þjóðríki stóðu ekki í skilum, féll tjónið á þá. Þetta skapaði ákveðinn aga í ákvörðunum um lánveitingar. Eftir miðja 20. öld urðu breytingar á alþjóðlegu og staðbundnu lánaumhverfi sem hafði áhrif á þessa reglu. Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn tók að ganga harðar eftir greiðslum og létti af lánveitandanum áhættunni sem fylgdi því að veita lánið. Þetta skapaði hættu á siðferðilega vafasömum lánveitingum.

Á sama tíma þróaðist lagaumhverfi í einstökum ríkjum í þá átt að lánastofnanir þurftu að taka aukna ábyrgð á lánnum sem þær veittu. Lögin gengu út frá því að lánveitandinn þurfti að meta greiðslugetu lánþegans en ekki bara taka tryggð veð í formi fasteigna, bíla eða annars sem hægt væri að taka upp í lánið ef greiðslur brygðust. Hugtakið „ránslán“ (predatory lending) var notað í bandarískum lögum árið 2000 um ólögmeða skuldsetningu, þegar um var að ræða svik á samningum, innheimtu ofurvaxta og þegar lánað var án tillits til greiðslugetu.

Alþjóðlega var ólögmeð skuldsetning viðurkennd svo eftir var tekið, þegar 30 milljarða bandaríkjadalda skuld Íraks var felld niður árið 2004 og 18 milljarða bandaríkjadalda skuld Nígeríu var felld niður árið 2005. Bæði ríkin eru olíuríki með möguleika á miklum tekjum og þar af leiðandi með mikla greiðslugetu. En ríkin sem þau beittu gengu út frá því að lánin voru tekin af einræðisstjórnvöldum og því væru þau ólögmeð.
– Joseph Hanlon, þýð. Kristín Þórunn Tómasdóttir

Uppgjöf skulda fátækra ríkja

Fyrir nokkrum árum tóku kirkjur og alþjóðastofnanir höndum saman í sérstöku átaki til að gefa eftir skuldir fátækustu þjóða heims. Þar er um að ræða ríki þar sem megin þorri þjóðartekna fer til afborgunar vaxta af lánnum sem veitt voru til óarðbærra framkvæmda. Þetta heldur fátækustu ríkjum heims í skrífstykki. Hreyfingin er kennd við Jubilee, sem er skírskotun til Biblíunnar, til náðarársins sem boðað er í lögmálinu þegar skuldir eru gefnar upp og þrælum gefið frelsi.

Kristnir menn um víða veröld, kirkjuleiðtogar og alþjóðasamtök kirkna og hjálparstofnana hafa látið raust sína heyrast og hvatt til þess að að lækka verulega ef ekki gefa alfarið upp skuldir þær sem ógna alvarlega framtíð fjölmargra þjóða. Slík aðgerð verði nátengd beinum aðgerðum til að rjúfa spennitreyju skuldaklafans sem fátækustu þjóðirnar búa við og leggja grunn að raunverulegum endurbótum á sviði heilsugæslu, menntunar og landbóta og mannréttinda.

Þetta er alvarleg siðferðisleg krafa á hendur okkur öllum. Alþjóðabankinn og ríkisstjórnir auðugustu landa heims stíga sannarlega ákveðin skref í þessa átt. En afar hægt hefur gengið og iðulega hafa skilmálarinnar sem skuldug þjóðunum voru settir í tengslum við þessa skuldaniðurfellingu eða aðlögun reynst þeim ofviða. Samkvæmt upplýsingum á ráðstefnu um þessi mál í fyrra þá hefur um helmingur af 40 örsnaðum ríkjum, sem metin voru í þeim flokki ríkja sem nauðsynlega þyrftu á skuldaniðurfellingu að halda, fengið slíka meðferð á umliðnum 15 árum.

Nauðsynlegt er að skoða vanda skuldara og lánadrottina ekki aðeins frá sjónarmiði lögfræði og fjármála, heldur einnig frá siðgæðislegum, mannúðlegum og pólitískum sjónarmiðum. Þar kemur til dæmis til gagnkvæm ábyrgð lántaka og lánveitanda, hvort sem um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki og ríki.

Augljóslega þarf mikið til að andæva ofurefli alþjóða fjármálakerfisins. En stofnanir eins og Jubilee, Lúterska heimssambandið og ýmis mannúðar- og hjálparstök leitast við að taka undir með þeim fátækustu þessa heims og styðja þau í að verjast ofureflinu og efla almenningsálit heimsins til að gefa gaum að hinum siðferðislegu þáttum.

– Karl Sigurbjörnsson

Farsæl sambúð?

Gagnrýni á alþjóða fjármálamarkaðinn frá sjónarhorni samfélagsins
— Peter N. Prove og Martin Junge

Hnattvæðing á ólíkum sviðum er eitt af einkennum samtímans. Hún hefur áhrif á allt mannlegt samfélag, ekki bara efnahagslega heldur einnig á menningu, félagslegar aðstæður og stjórnmál.

Að vissu leyti hefur hnattvæðingin dregið fram með skýrum hætti það sem kirkjan hefur alltaf haldið fram í starfi sínu og boðun: að mannkyn allt er á sama báti og í hvers annars hendi. En áhrif hnattvæðingarinnar eru einnig umhugsunarverð út frá siðferðilegum mælikvörðum.

Alþjóðlegur fjármagnsmarkaður virðist sérstaklega vera úr sambandi við almenn siðferðisviðmið og oftsinnis er farið á svig við þau. Frá kirkjulegu sjónarhorni lítum við á heimsbyggðina sem hús eða heimili sjálfs Guðs – oikos. Efnahagslífið – oikonomia – á að að þjóna velferð hennar allrar. Í dag hefur hins vegar almennri velferð verið vikið til hliðar fyrir önnur markmið alþjóðlegs fjármálamarkaðar, sem eru vöxtur og gróði.

Af biturri reynslu hefur fólk á Íslandi og annars staðar í heiminum lært að þessi gróði safnast á hendur fámennrar fjármálafirstéttar á meðan fjárhagsleg áföll og félagslegt tap falla á arðrændan meirihlutann. Hugmyndafræði nýfrjálslyggunnar hefur snúið sambandinu á milli markaðar og samfélags á haus, þannig að samfélagið lýtur markaðinum en ekki öfugt.

Sem kirkja hljótum við að nema staðar við þetta stóra siðferðilega vandamál. Kristin trú og ekki síst lúthersk kirkjuhefð kennir okkur að náungi okkar er alltaf hið endanlega viðmið frelsisins, líka þegar kemur að hinum frjálsa fjármagnsmarkaði. Frelsi hans eru settar skorður af því hvaða áhrifum fólk – og sérstaklega hin fátæku – verður fyrir af hans völdum. Alþjóðavæddur markaður dagsins í dag hefur hins vegar frelsisviðmið. Markmið hans er ekki að stuðla að velferð flestra heldur er frelsi notað í þágu persónulegs ávinnings sem lýtur engum takmörkunum, mörkum eða siðvenjum.

Í þessu sambandi má nefna að í huga Lúthers var bæði krafan um náungakærleikann og markaðslíf í allra þágu ætíð æðri markaðshyggju sem hygllir fáum á kostnað fjöldans og hinna fátæku. Þess vegna lagði hann áherslu á að reglur og eftirlit með markaðnum skyldu vera í höndum veraldlegra yfirvalda til að hindra að ríkir arðrændu fátæka. Í þessum anda vinnur Lúterska heimssambandið þegar kirkjurnar beina kastljósinu að því hvernig hægt sé að breyta kreppandi og óréttlátum aðstæðum sem hafa

Frá kirkjulegu sjónarhorni á efnahagslífið að þjóna velferð heimsbyggðarinnar allrar.

skapast vegna alþjóðavæðingar fjármálamarkaðarins þannig að enginn þurfi að líða fyrir þær. Leiðin til að leiðrétta þessa skökku stöðu sem er komin upp liggur í gegnum samfélagið sjálft – hvernig við lítum á okkur sem samfélag og einn líkama Kristis á jörðu en ekki einangraðar þjóðir eða ólíka hópa með sérstaka hagsmuni öðrum óháðir.

Kirkjan sjálf, líka í starfi sínu í gegnum Lúterska heimssambandið er háð hnattvæðingunni og markaðinum. Einmitt þess vegna eru vandamálín sem henni fylgja rakið viðfangsefni og áskorun frá sjónarhóli kristinnar trúar.

Á heimsþinginu í Winnipeg árið 2003 samþykkti Lúterska heimssambandið að skuldbinda sig til að taka þátt í ferlinu að snúa við skaðlegum afleiðingum hnattvæðingarinnar með því að standa við spámannlegt hlutverk kirkjunnar í baráttunni fyrir mannréttindum og félagslegu réttlæti.

Heimsþingið í Winnipeg fjallaði sérstaklega um málefni óréttmætra skulda og hvernig þær standa í vegi fyrir upprætingu fátækta. Kirkjurnar voru hvattar til þess að taka upp málefni óréttmætra skulda á alþjóðlegum vettvangi og stuðla að réttlátri meðhöndlun skuldugra þjóða.

Lúterska heimssambandið hefur staðið fyrir verkefni um óréttmætar skuldir, sem hófst í Suður-Ameríku og miðar að því að setja alþjóða fjármál í samhengi siðferðilegra viðmiða og kröfunnar um réttlæti, þannig að skuldir sem eðlilega er stofnað til verði greiddar en lánadrottinnar óréttmætra skulda taki á sig sinn hluta ábyrgðarinnar. Lh vinnur einnig að því í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar að setja fram skilgreiningar á eðlilegu lánaumhverfi.

Ellefta heimsþing Lh verður haldið í Stuttgart í júlí 2010 undir yfirskriftinni *Gef oss í dag vort daglegt brauð*. Þar verður athyglinni aftur beint að óréttmætum skuldum og þær skoðaðar í ljósi reynslu þjóða heimsins af fjármálakreppu síðustu ára, þar á meðal á Íslandi. Tækifæri mun gefast til að endurskuldbinda samfélag kirkjunnar til að berjast fyrir sannfæringu um að virði manneskjunnar sé alltaf æðra gróðasjónarmiðum, að hlutverk efnahagslífsins sé að stuðla að velferð allra og að réttlæti verði náð til handa kúguðum og fátækum.

— Kristín Þórunn Tómasdóttir þýddi

Óréttmætar skuldir

Átta dæmi

Í greininni „Ábyrgð óréttmætra skulda hvílir á þeim sem veita lánið“ nefnir Joseph Hanlon átta atríði sem geta leitt til þess að skuldir teljist óréttmætar.

Harðstjórn

Illu þokkaðar skuldir kallast skuldir sem verða til þegar harðstjórnar taka lán til að styrkja sig í sessi. Slíkar skuldir ber að líta á sem skuldir stjórnarinnar en ekki ríkisins.

Skuldir sem eru teknar í arf

Nelson Mandela, forseti Suður-Afríku, var beittur miklum þrýstingi til að greiða 21 milljarð Bandaríkjadala sem voru fengnar að láni. Lántakandi var ríkisstjórn hvíta minnihlutans. Hún hafði nýtt peningana í þágu aðskilnaðarstefunnar og til

að kúga svarta meirihlutann í landinu.

Spilling

Hundruðir milljóna bandaríkjadala hafa aldrei skilað sér til lántakenda. Þess í stað hafa spilltir leiðtogar dregið að sér fé og lagt inn á eigin reikninga í erlendum bönkum. Þetta er gert með vitund lánveitanda. Niðurfellingar lána til Nígeríu voru meðal annars á grundvelli þessa.

Pólítískar lánveitingar

Á tímum kalda stríðsins voru mörg lán veitt harðstjórum sem studdu Vesturlönd, til dæmis Mobutu í Zaire og Suharto í Indónesíu. Lánin voru veitt án þess að kannað væri hvort verkefni sem lánað var til væru æskileg eða hvort lánin yrðu endurgreidd.

Mikil vanræksla

Lán sem eru veitt þegar vitað er að ekki verði hægt að endurgreiða þau teljast vera á ábyrgð lánveitanda. Slíkt telst mikil vanræksla. Dæmi um þetta eru lán Alþjóða gjaldeyrissjóðsins til Zaire við lok áttunda áratugarins.

Misheppnuð verkefni



Mörg lán eru veitt til verkefna sem má rekja til landanna

sem veittu lánin. Fátækari lönd hafa oft en ekki engar forsendur til að meta slík verkefni og þurfa því að reiða sig á þekkingu annarra. Þegar verkefni skila ekki árangri verður lánveitandinn, sem hefur þekkinguna, að axla ábyrgðina. Dæmi um þetta er 2,3 milljarða dala kjarnorkuver sem var byggt á þekktu sprungusvæði í Filippseyjum.

Okur

Okurvextir hafa lengi verið vandamál. Skuldavanda upp úr 1980 má meðal annars rekja til þess að þá varð breyting á raunvöxtum. Þeir höfðu verið afar lágir en urðu allt að 12% á þeim tíma. Það leiddi til þess að mörg lönd gátu ekki greitt af lánum sínum og þurftu jafnvel að taka ný lán til að geta staðið við skuldbindingar sínar.

Óásættanleg skilyrði

Sumum alþjóðlegum lánum fylgja skilyrði sem brjóta í bága við stjórnarskrár eða landslög. Dæmi um það eru skilyrði frá Alþjóðabankanum eða Alþjóða gjaldeyrissjóðnum varðandi einkavæðingu, lækkun launa opinberra starfsmanna, komugjöld í heilsugæslu, skólagjöld o.fl. Skilyrði sem þessi geta haft slæm áhrif á samfélagið. Skilyrði sem hafa áhrif langt út fyrir tilgang láns geta leitt til þess að það sé talið óréttmætt.

Nánar má fræðast um dr. Joseph Hanlon á <http://www.open.ac.uk/personalpages/j.hanlon/>

Vorar skuldir

kirkjan og baráttan gegn óréttmætum skuldum

- 13.00 Kynning á þátttakendum og forsögu þingsins.
- 13.10 Martin Junge og Peter Prove: How shall we live together?: Economic responsibility from a communio perspective.
- 14.00 Viðbrögð við erindi:
1. Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra
 2. Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor
 3. Hr. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands
- 14.45 Kaffi
- 15.00 Pallborð og almennar umræður. Þátttakendur: Martin Junge, Peter Prove, Gylfi Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Karl Sigurbjörnsson. Umræðum stýrir sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir.
- 16:00 Lok málþings

Um fyrirlesarana

Martin Junge er prestur frá Chile og mun í júlí á þessu ári taka við sem áttundi aðalritari Lúterska heimssambandsins. Hann var forseti evangelískra kirkna í Chile frá 1996 – 2000 þegar hann tók við starfi sviðstjóra Suður-Ameríku innan Lúterska heimssambandsins.

Peter Prove hefur gegnt starfi yfirmanns alþjóðasviðs og mannréttinda hjá LWF síðan 1997. Hann er lögfræðingur að mennt. Hann var forseti sérstakrar nefndar mannréttindasamtaka í Genf frá 200 – 2008 og hefur mikla reynslu af þátttöku í starfi SP á sviði mannréttinda og efnahagsmála og setið í nefndum á vegum SP.



Af vefnum

„Kannski má ganga svo langt að segja að á Íslandi hafi ríkt auðræði í stað lýðræðis. Að lýðræðislega kjörnir fulltrúar hafi ekki verið við stjórnvölinn.“

Vorar skuldir, <http://tru.is/pistlar/2010/04/vorar-skuldir/>

„Á Norðurlöndum hefur verið hægt að taka SMS-lán um nokkurn tíma og þau hafa valdið miklum vanda og stuðlað að „skuldafangelsi“ einstaklinga vegna lána sem upphaflega voru smáaurar. Aðstæður í samfélaginu í dag gera þessi lán enn hættulegri.“

SMS-lán og fjárhagsleg heilsa, <http://tru.is/pistlar/2010/03/sms-lan-og-fjarhagsleg-heilsa/>

„Skuldir eru verkfæri sem gerir ríkum kleift að setja fátækum þjóðum skilyrði. Changemaker vill meina að þetta sé ástæðan fyrir því að skuldakrísan leysist ekki: Skuldir ganga út á völd en ekki peninga.“

Skuldir, <http://changemaker.is/?q=node/9>

Víðförli – 2. tölublað, júní 2010

Fréttabréf þjóðkirkjunnar
Ritstjóri Árni Svanur Danielsson
frettir@kirkjan.is

Þjóðkirkjan
Laugavegi 31
150 Reykjavík, Ísland
Sími 528 4000

